

Lagt fyrir fund velferðarráðs 20. september 2023

### **Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata í velferðarráði**

Velferðarráð Reykjavíkur samþykkir að setja á fót aðstöðu á Vesturgötu 7, 101 Reykjavík fyrir jaðarsett fólk með fjölþættan vanda til þess að það geti sinnt listsköpun.

#### **Greinargerð**

Hér er lagt til að velferðarráð samþykki að opna listasmiðju fyrir jaðarsett fólk með fjölþættan vanda til þess að það geti sinnt listsköpun. Heiti listasmiðjunnar er LHÝ (Listasmiðja hinna ýmislegu). Rými þar sem listrænir hæfileikar þeirra ósýnilegu fá að blómstra. Öruggur griðastaður fyrir skapandi fólk í jaðarsettri stöðu.

Vesturgatan, sem staðsett er miðsvæðis, gæti hentað sem einfalt rými þar sem allskonar fólk á öllum aldri gæti fengið sálræna útrás í formi myndlistar. Listasmiðjan er hugsuð sem úrræði fyrir jaðarsett og einangrað fólk í búsetu eða með aðsetur í úrræðum eins og Hringbraut, Gistiskýlinu á Granda, Njálsgötu, Konukoti, Lindargötu o.s.frv., þar sem fólk getur komið saman og skapað list. Styrkur frá borginni yrði nýttur í að koma starfsemi á koppinn með kaupum á efniviði fyrir listasmiðjuna.

**Markmið:** Valdefling, tækifæri, geðhreinsun, uppbot á hversdagsleikanum, fjárhagsleg bót, byggja frekari brýr við samfélagið.

Lagt er upp með að smiðjan væri starfrækt þrisvar í viku og væri umsjón í höndum sjálfboðaliða. Reglulega stæði notendum til boða að sýna verk sín á lista- og sölusýningu þar sem sem ágóðinn rynni til listafólksins sjálfs.

Tveir sjálfboðaliðar myndu standa vaktina hvert sinn. Sjálfboðaliðar verkefnisins myndu sitja námskeið í sértækri skyndihjálp og skaðaminnkandi nálgun. Smiðjan væri ætluð öllum kynjum en ein opnun á viku væri sérstaklega ætluð konum eingöngu. Fólk væri kafið um smávægilegt aðstöðugjald til þess að sýna fram á að vilji sé fyrir hendi til að nýta rýmið í sköpun en ekki einungis sem húsasskjól. Þá verður einnig hægt að bjóða þar upp á lifandi kennslutíma (workshop) einu sinni í mánuði, þar sem lærðir listamenn kenna kúnstir sínar. Tolli Morthens hefur boðið fram þjónustu sína, sem ráðgjafi verkefnisins og ætlar m.a. að aðstoða við reglulegt flæði af efniviði.

Punktur um verkefnið frá konum úr málaflokknum:

**Torfhildur:** „Þetta rými myndi veita mér tækifæri til að hugleiða. Listsköpun veitir mér tækifæri til að blokka allt annað út“

**Blær:** „Það væri rosaleg tilfinningarleg útrás. Myndi græða á félagsskapnum og ákveðin kappsemi myndi vakna innra með mér. Þegar ég mála þá anda ég rétt.“

**Stína:** „Gefur mér færi á að hitta fólk sem er ekki að einblína á neynslutengda hegðun. Kæmi reglu á lífið“

#### **Gildi verkefnisins:**

Listasmiðjur eins og þessar hafa sýnt fram á að starfsemi þeirra hafi jákvæð áhrif á fólk í viðkvæmri stöðu. Þrátt fyrir að sjálfboðaliðar verkefnisins búi ekki yfir sérþekkingu í sálfræðimiðaðri listsköpun þá er þó áhugavert að hafa til hliðsjónar hvað rannsóknir hafa sýnt. Yfirferð á ýmsum rannsóknum gefur til kynna að sálfræðimiðuð listsköpun

geti minnkað einkenni áfallastreituröskunar og einkenni þunglyndis. Raskanir sem eru mjög miðlægar í okkar málaflokki.

[https://www.researchgate.net/publication/327055795\\_Trauma-Focused\\_Art\\_Therapy\\_in\\_the\\_Treatment\\_of\\_Posttraumatic\\_Stress\\_Disorder\\_A\\_Pilot\\_Study](https://www.researchgate.net/publication/327055795_Trauma-Focused_Art_Therapy_in_the_Treatment_of_Posttraumatic_Stress_Disorder_A_Pilot_Study)